

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar. Ég sem almennur borgari er orðinn langþreyttur á því að skattar séu lækkaðir í sífellu á þá eignamiklu. Enn þreyttari er ég síðan á því að skattbyrðin sé í auknum mæli færð á hendur milli- og lágstéttarinnar. Í stað þess að lækka EKKI skatta á hina efnameiri er hugmyndin enn og aftur að refsa 99 prósentinu, þ.e. almenningi. Enn fremur er þetta ekkert annað en undirbúningur blautra drauma nýfrjálshyggjumanna um endanlega einkavinaæðingu vegakerfisins. Það að Alþingi hlusti ekki á vilja þjóðarinnar í þessu máli, sem samkvæmt könnunum er gríðarlega andvíg veggjöldum er alvarleg aðför að lýðræðinu. Enn fremur er það til þess fallið að auka enn frekar vantraustið á Alþingi. Líklegt er að stjórnarmenn fatti það þó ekki, heldur kenni fjölmiðlum um vantraustið.

Ég er með hugmynd að lausn: Sleppið því að lækka skatta. Haldið þeim óbreyttum og þá er til meira en nægt fé til að halda uppi sómasamlegu vegakerfi auk frekari framtíðarverkefna í þeim eignum. Veggjöld munu koma sér verst fyrir þá sem eru á lágum launum. Ég veit ekki hverju ég get bætt við þetta annað en það að mér hryggir hversu langt Ísland er gengið í nýfrjálshyggjublæti sínu. Í stað að við höldum uppi jöfnu, réttlátu og sanngjörnu samfélagi skynja ég það sem ungur maður að allt sé að molna niður. Eina lausn hugmyndasnaúðra gróðrafíkla sjálfstæðisflokksins er að refsa þeim sem eru ekki fyrirtækjaeigendur og/eða á lágum launum. Því það er augljóst að veggjöld munu koma sér verst fyrir þann hóp.

Kv,
Trausti Breiðfjörð Magnússon